

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu.

---

### 1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Ný málsgrein, 5. mgr., bætist við, svohljóðandi:

Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega póstþjónustu.

b. Við 5. mgr., sem verður 6. mgr., bætist nýr málslíður, 2. málsl., svohljóðandi: Óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.

### 3. gr.

Á undan 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

*Meðferð kvartana.*

Rekstrarleyfishafar skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal sjá til þess að reglur skv. 1. mgr. gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

### 4. gr.

Í stað orðanna „39.–41. gr.“ í 42. gr. laganna, er verður 43. gr., kemur: 40.–42. gr.

### 5. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Meðferð kvartana og skaðabætur.**

### 6. gr.

Í stað orðanna „46. gr.“ í 1. mgr. 47. gr. laganna, er verður 48. gr., kemur: 47. gr.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk 7. gr. laganna breytast úr 100 g í 50 g og verðmörk úr þrisvar sinnum lægsta burðargjald í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

---

*Samþykkt á Alþingi 12. desember 2002.*